

Spil - Hornafjarðarmanni

Eftir verður til spilakvölds í Hornafjarðarmanna fimmtudaginn 6. nóvember 2008 kl. 20:00 í Skaftfellingabúð. Sigurpáll Ingibergsson kennir spilareglur og stjórnar keppni. Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi. Aðgangseyrir 1.000 kr. Fjölmennum og gerum kvöldið skemmtilegt



Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 20. nóvember verður myndasýning með myndum teknum í júlí 1967, en þá fór Magnús Bjarnfreðsson á vegum sjónvarpsins austur í Öræfi og tók viðtal við Sigurð á Kvískerjum, Pál þingmann á Hnappavöllum, Odd verslunarstjóra Fagurhólsmýri, Helga Arason hagleiksmann á Fagurhólsmýri, Þorsteinn hreppsstjóra og kennara Svínafelli og Hannes Jónsson pósti á Núpstað. Sýnt er frá ferðum yfir Skeiðará ásamt fleiri myndum úr Öræfum. Eftir kaffihlé verða sýndar ljósmyndir héðan og þaðan sem Svavar hefur tekið saman. Seldar verða léttar veitingar í hléi.

Smalæð í Ingólfshöfða um 1954

1-Steindór í Bólta, 2-Bergur, 3-Hallbera, 4-Heiða, 5-Jón Ragnarsson, 6-Sigurjón Litla-Höfi, 7-Sveitastrákur í Lækjarhúsum, 8-Halla Litla-Höfi, 9-Gunnar Karlsson, 10-Helgi Stefánsson Nesi.

Aðventustund

Skaftfellingafélagið og Söngfélagið standa fyrir aðventustund **sunnudaginn 7. desember 2008**

í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178, kl. 15:00.

Söngfélagið syngur nokkur jólalög, kaffiveitingar og gengið verður í kringum jólatré.



Aðgangseyrir kr. 1000
(frítt fyrir 17 ára og yngri)

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2008

Endursendist með upplýsingum um
nytt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Kennsla og spil í Hornafjarðarmanna** í Skaftfellingabúð **fimmtudag kl. 20:00 6. nóvember 2008**

• **Myndakvöld** í Skaftfellingabúð **fimmtudag kl. 20:00 20. nóvember 2008**

• **Aðventustund** í Skaftfellingabúð **sunnudag, kl. 15:00 7. desember 2008**

• **Söngfélagið** í Skaftfellingabúð **Söngæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20**

• **Skotaskálm 2008** **Guðrún Arnarsdóttir**

• **Skálm** **Miðvikudaga kl. 19:30 Laugardaga kl. 11:00**

Fýlaveisla

Okkar ómissandi fýlaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð, fyrsta vetrardag

laugardaginn 25. október 2008

og hefst með borðhaldi kl. 20.

Á borðum verður saltaður fýll með tilheyrandi meðlæti sem og hangikjet, flatkökur og smér.

Sigurður Hjálmarsson í Vík og fjölskylda hans tók að sér veiðar og verkun og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

– Þórir N. Kjartansson segir fýlasögur –

Hin stórmagnaða hljómsveit **Tónabræður** frá Vík leikur fyrir dansi, en hún gerði garðinn frægan um allt Suðurland á árum áður.

Já, þá var nú fjör maður !!!



Inngangseyrir kr. 4.000

Skráning í síðasta lagi 23. október 2008 hjá:

Hákoni Kristmundssyni (821 2115)

Guðrúnu B. Jónsdóttur (840 9125)

Stefáni Bjarnasyni (822 8895)

Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga hóf sitt 36. starfsár þann 9. september síðastliðinn. Í gegnum árin hafa fjölmargir Skaftfellingar átt gleðistundir með Söngfélaginu til lengri og skemmri tíma, sumir allt frá stofnun þess 1973.

Æfingar eru á þriðjudagskvöldum í vetur og hefjast kl. 20 í Skaftfellingabúð. Löng söngæfing er fyrirhuguð laugardaginn 1. nóvember næstkomandi. Söngfélagið tekur þátt í aðventustund Skaftfellingafélagsins þann 7. desember og syngur jólalögin fyrir vistmenn á tveimur deildum Landspítalans þann 9. desember. Nýir félagar eru ávallt velkomnir. Söngstjóri er Friðrik Vignir Stefánsson. Nánari upplýsingar veitir formaður félagsins.

Sigurlína S. Kristjánsdóttir s. 862 6789

Skálm

Nú hafa Skálmarrar tekið nýja stefnu í gönguskipulaginu. Enn er fyrirhugað að nota sömu tímasetningar, þ.e. á **miðvikudögum kl. 19:30 (70 mín)** og á **laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)**

Á miðvikudagskvöldum verður haldið sama striki og áður, gengið frá Lækjarási, Þjálfunarstofnun, Stjörnugróf 7 upp að Árbæjarlaug og niður Rafstöðvarveg.

Á laugardögum verður gengið frá Fella- og Hólakirkju austur að Elliðavatni og kringum það.

Miðvikudaginn 10. desember verður litið á ljósín í bænum í miðbæjargöngu frá Hallgrímskirkju kl.18.30.

Nánari uppl. hjá Gunnu í síma 897 6382

Sumarskálm 5.-12. júní 2008 WHW í Skotlandi

Undanfarin sumur hefur Skálmarrópurinn farið í skemmtilegar gönguferðir innanlands, t.d. um Strútsstíg, Skælinga, Laugavegin, Lónsöræfi, Langasjó og Mýrdalinn. Fyrir um tveimur árum var farið að huga að gönguferð um skosku hálöndin, hluta vinsællar gönguleiðar, West Highland Way. Inga Geirsdóttir, búsett í Glasgow rekur þar ferðþjónustu og sérhæfir sig í að skipuleggja gönguferðir fyrir Íslendinga. Skálmarr settu sig í samband við hana. Ekki varð aftur snúið og voru 12 léttfættir Skaftfellingar fúsir að skálma til Skotlands.



Rannveig, Gunna, Gyða, Guðni, Halldór, Sævar, Jóna, Sigrún, Magga, Lauga, Elsa og Einar Bjarni

Þann 5. júní 2008 rann stóri dagurinn upp. Góð stemning myndaðist strax í Leifsstöð. Inga og Snorri maður hennar tóku á móti hópnum á flugvællinum ytra og sáu um að koma öllum í náttstað á Premier Inn, notalegu hóteli í úthverfi borgarinnar. Þar hreiðruðu menn um sig og áttu svo saman góða kvöldstund á kránni við hótelið. Þar hófust kynni við 8 aðra, sem slóust í hópinn.

Á öðrum degi var farið í skoðunarferð um nærliggjandi sveitir, skoðaðir kastalar, þorp og ýmsir áhugaverðir staðir. Um kvöldið buðu Inga og Snorri í kvöldmat og fóru yfir skipulag næstu fjögurra daga. Brýnt var að huga vel að fótabúnaði því göngugarpar gætu orðið sárfættir á leiðinni.

Sjálf gangan hófst laugardaginn 7. júní við steinsúlu í Milngavie úthverfi Glasgow. Fyrsta dagleiðin var þægileg, rúmlega 20 km en nokkrir fundu fljótt fyrir óþægindum í tám, þannig að ekki var umflúið að plástra í forvarnskyni. Gist var í skemmtilegu litlu gistiheimili í Drymen og náðu áhugamenn um fótbolta að horfa á Evrópukeppnina í elstu krá bæjarins.

Það voru mikil viðbrigði fyrir vana íslenska göngumenn sem þekktu fátt annað en að gista í fjallaskálum eða tjöldum við fábreyttan kost, að ganga nú milli gistiheimila, með veitingastöðum og krám á hverju strái auk fótboltagláps sem skolað var niður með bjór eða skosku wiskíi.

Næstu þrjár dagleiðir voru lengri en sú fyrsta, um 22 km hvern dag. Yfirleitt var gengið eftir vel merktum göngustígum, gömlum malarvegum, skógarstígum en einstaka sinnum á malbiki. Landslagið var ákaflega fjölbreytt, akrar, skógur, hólur og hæðir og vatnasvæði. Gönguleiðin liggur meðfram Loch Lomond sem er um 30 km langt vatn. Allir komust á leiðarenda í Tyndrum. Það var skemmtileg stund fyrir hópinn að á settu marki að ganga um 90 km á fjórum dögum. Sumir voru orðnir stírfir og aðrir afar sárfættir en allt slíkt gleymdist yfir gleðinni að ná á leiðarenda.

Að lokinni göngu var einn dagur án skipulags. Fóru þá flestir til Edinborgar í skoðunarferð og í eftirminnilega wiskísmökkun. Það var ánægður hópur Skálmara sem hélt heim á leið 12. júní eftir ógleymanlega vikuvöl í Skotlandi þar sem ýmislegt var brallað og ávalt stutt í fifla-ganginn. Það er morgunljóst að áfram verður Skálmað að ári – heima á fróni.

Lauga og Guðni

Á heimasíðunni (skaft.is) má lesa skemmtilega ferðasögu Guðrúnar Arnarsdóttur auk mynda úr ferðinni.

Heimasíða Skaftfellingafélagsins – <http://skaft.is>

Skaftfellingafélagið vill minna félagsmenn á heimasíðu félagsins, en vonir standa til að á henni verði fljótlega hægt að skiptast á skoðunum og fólk geti komið á framfæri hugmyndum um félagsstarfið. Þegar fram í sækir verður svo væntanlega hægt að spara útsendingu fréttabréfs í pósti.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2008-2009

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	693 7425	armann@verktaki.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is
Varamenn			
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	840 9125	gulla@straumur.net
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeirb@simnet.is
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177	jrbbass@mmedia.is